



Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2013

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hefur gefið út tvær reglugerðir sem hafa að geyma kröfur m.a. varðandi skírteini flugliða og þjálfun öryggis- og þjónustuliða. Þetta er annars vegar reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi í samræmi við reglugerð Evrópuþingssins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og hins vegar reglugerð (ESB) nr. 290/2012 frá 30. mars 2012 sem breytir reglugerð (ESB) nr. 1178/2011. Reglugerðirnar komu til framkvæmda hjá aðildarríkjum ESB þann 8. apríl 2012 en heimilt var að fresta framkvæmdinni til 8. apríl 2013.

Það liggur fyrir að innleiðing framangreindra reglugerða bæði í EES-samninginn og í íslenskan rétt með reglugerð verður ekki formlega lokið þann 8. apríl 2013. Til að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á þjálfun og skírteinum flugliða á Íslandi hefur Flugmálastjórn Íslands ákveðið að frá og með 8. apríl 2013 skuli eftirfarandi aðilum vera heimilt að fara eftir ákvæðum framangreindra reglugerða og verði það talið jafngilda að viðkomandi ákvæði í núgildandi reglugerðum nr. 401/2008, 402/2008, 403/2008 og gr. OPS 1.005 í reglugerð nr. 1263/2008 séu uppfyllt, auk ákvarðana Flugmálastjórnar Íslands nr. 5/2006, 3/2009, 4/2009 og 1/2010:

1. umsækjendum um og/eða handhöfum staðfestinga öryggis- og þjónustuliða,
2. umsækjendum um og/eða handhöfum skírteina flugliða eða skyldra réttinda,
3. aðilum sem taka þátt í þjálfun, prófun, skoðun eða mati á heilbrigði flugliða og/eða öryggis- og þjónustuliða, og
4. aðilum sem starfrækja flughermisþjálfa.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem innleidd var hér á landi með reglugerð nr. 812/2012, skulu ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 einnig gilda á Íslandi varðandi loftför sem tilgreind eru í II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 216/2008 eftir því sem við á.

Reglugerðir (ESB) nr. 1178/2011 og nr. 290/2012 verða birtar á heimasíðu Flugmálastjórnar í enskri útgáfu. Bráðabirgðaþýðing á framangreindum reglugerðum yfir á íslensku verður einnig birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum er ákvörðun þessi birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Reykjavík, 3. apríl 2013

Pétur K. Maack, flugmálastjóri.